

Aðalfundur Foreldrafélags Árbæjarskóla

Pálmar Ragnarsson, sem er einn allra vinsælasti fyrirlesari í dag, verður aðalgestur kvöldsins. Hann verður með fyrirlestur um samskipti í hópum, með áherslu á samskipti í foreldrahópum.



Pálmar er með B.S. gráðu í sálfræði og kláraði M.S. gráðu í viðskiptafræði með áherslu á samskipti á vinnustöðum. Þar að auki er hann körfuboltaþjálfari í yngri flokkum og hefur því átt mikil samskipti við börn og foreldra.

Þar sem börn í Árbæjarskóla eru öll í einum árgangi, í stað þess að vera í hefðbundnari minni og fleiri bekkjum, höfum við fundið að stundum vanti upp á samskipti í svo stórum foreldrahópum. Okkur finnst þessi fyrirlestur því eiga gott erindi við alla. Ef samskipti í hópi foreldra eru í góðum farvegi er líklegt að það skili sér niður til barnanna okkar og jafnvel samskiptanna þeirra á milli.

Fundurinn hefst kl. 19:30 með hefðbundnum störfum Foreldrafélagsins, þar sem skýrsla stjórnar og ársreikningar verða kynntir, ásamt öðrum öðrum málum.

Áhugasamir foreldrar sem hafa áhuga á að taka sæti í stjórn Foreldrafélagsins og fá þar með tækifæri til að hafa áhrif á skólabrag og –starf skólans er hvatt til að bjóða sig fram. Undanfarin ár höfum við átt gott samstarf við skólastjórn.

Þar sem þetta er sjálfboðastarf er endurnýjun regluleg og nú vantar okkur þrjá nýja meðlimi í stjórn.

Áhugasamir geta sent póst á netfangið foreldrafelarb@gmail.com

Viðburðinn má finna [hér](https://www.facebook.com/events/2054164991462753/) á facebook: <https://www.facebook.com/events/2054164991462753/>

(endilega [skráið ykkur](#) svo við getum áætlað magn af veitingum)

Fyrirlesturinn verður haldinn í sal skólans, mánudaginn 14. maí kl. 19:30-21:00. Veitingar í boði Foreldrafélagsins.

Með kveðju,

Stjórn Foreldrafélagsins

